

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Austurstæti 8-10
150 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is

Dags. 09.05.2019
Tilv. 5618-0-0005
Mál 2019-0112
0.5.2

Með erindi dags. 12. apríl sl. óskaði umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis eftir umsögn Veðurstofu Íslands um frumvarp til laga um Þjóðgarðastofnun og þjóðgarða – 778. mál.

Umsögn Veðurstofunnar er sem hér segir:

Í 26. gr., 2. mgr. segir m.a.: „Í stjórnunar- og verndaráætlun er gerð grein fyrir markmiðum verndar á einstökum svæðum innan viðkomandi þjóðgarðs, verndaraðgerðum, endurheimt vistkerfa, vöktun, landnýtingu, öryggismálum, mannvirkjagerð, stefnu stjórnar um staðsetningu um fyrirkomulag gestastofa og þjónustustöðva innan þjóðgarðs, samgöngum og öðrum innviðum á svæðinu.“

Mikilvægt er að fram komi að þessar áætlanir séu gerðar í samræmi og samráði við aðra vöktun, s.s. þá vöktun sem tengist lögum um stjórn vatnamála nr. 36/2011 og vöktun vegna náttúruvár.

Samráð er tryggt í 27. gr., en vafamál er hvort þar sé nægilega kveðið á um að tryggja samræmi og tengsl mismunandi vöktunaráætlana.

Í 28. gr., 2. mgr. segir m.a.: „Mannvirkjagerð og hverskonar jarðrask innan þjóðgarðs eru óheimil ef ekki er gert ráð fyrir því í stjórnunar- og verndaráætlun, sbr. þó 29. og 35. gr. Óheimilt er að gera nokkurt jarðrask eða reisa mannvirki innan þjóðgarðsins á Þingvöllum nema að fengnu samþykki stjórnar þjóðgarðsins.“

Í 33. gr., 1. mgr. segir m.a.: „Afla skal leyfis þjóðgarðastofnunar vegna skipulagðra viðburða og einstakra verkefna sem kalla á aðstöðu, mannafla eða meðferð tækja í þjóðgarði svo sem til ... rannsókna.“

Í 35. gr., 3. mgr. segir m.a.: „Ef brýna nauðsyn ber til er þjóðgarðastofnun, í samráði við önnur stjórnvöld eftir atvikum, heimilt að ráðast í framkvæmdir sem ekki er gert ráð fyrir í stjórnunar- og verndaráætlun Skilyrði er að með framkvæmdinni sé brugðist við náttúruvá eða öðrum óvæntum aðstæðum og að framkvæmdin sé unnin í öryggisskyni eða vegna rannsókna sem nauðsynlegar eru til að tryggja almennt öryggi.“

Veðurstofan telur að í 28., 33. og 35. gr. sé ekki nægilega vel tekið tillit til fagstarfsemi stofnunarinnar vegna vöktunar á náttúruvá, vatnafari og náttúrufari. Ekki er ljóst hvað fellur undir skilgreininguna jarðrask og svo virðist sem afla þurfi leyfa vegna rannsókna- og eftirlitshlutverks stofnunarinnar og einungis þjóðgarðastofnun sé þá framkvæmdaraðili. Mörg virk svæði falla innan núverandi þjóðgarða og mikilvægt er að tryggja að starfsemi Veðurstofunnar, s.s. vegna uppsetningar nýrra tækja eða búnaðar vegna vöktunar atburða, sé ekki heft eða takmörkuð að gefnum eðlilegum forsendum við slíka vöktun. Sama á við um fyrirbyggjandi mælingar og rannsóknir vegna mögulegra flóða eða breytinga á jarðskjálftavirkni á viðkomandi svæðum. Ennfremur má í þessu sambandi nefna ákvæði í 30. gr. er varðar umferð vélknúinna ökutækja, báta, skipa, loftfara og flygilda. Mögulega er hægt að tilgreina sérstaka undantekningu er varðar

Icelandic
Meteorological Office

vöktun náttúruvá, en þegar slíkir atburðir skella á getur verið afar hamlandi að þurfa að byrja á að afla tilskilinna leyfa o.s.frv. Skoða mætti 33. gr. með þetta í huga.

Veðurstofan telur eðlilegt að ákvæði um fagstarfsemi er varða náttúruvá, náttúrufar og vatnafar séu ekki háð sömu skilyrðum og önnur starfsemi. Hér er um samfélagslega afar mikilvæg viðfangsefni að ræða sem oft eiga sér mjög skamman aðdraganda. Betur færi á að fjallað sé um ákvæðin í lögum en í stjórnunar- og verndaráætlun hvers þjóðgarðs fyrir sig, enda er um málefni að ræða sem tekur til allra þjóðgarðanna.

Virðingarfyllst,



Hafdís Karlsdóttir
staðgengill forstjóra VÍ